



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 26. nóvember 1987

127. fundur skólanefndar

FJölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans fimmtudaginn 26. nóvember 1987 kl. 17.00.

Fundinn sátu Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Arnason, skólameistari, Bogi Hallgrímsson, Jón Gunnarsson, Eggert Ólafsson, Ólafur Eggertsson, Ingimundur Guðnason, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Stefán Jónsson, fjármálastjóri, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, Böðvar Jónsson, fulltrúi nemenda og Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega nýjan fulltrúa Njarðvíkinga, Ólaf Eggertsson. Síðan var gengið til dagskrár. Sú breyting er á áður boðaðri dagskrá, sem send var með fundarboði, að einum lið, fjárhagsáætlun, var bætt við og var fundarmönnum tilkynnt það símleiðis.

1. Ferð til fjárveitinganefndar.

Formaður skýrði frá ferð sem farin var til Fjárveitinganefndar til að fá uppgjör ríkissjóðs vegna eldri framkvæmda (sbr. síðasta fundargerð). Auk þess var farið fram á kr. 1 milljón til tækjakaupa.

2. Stefna skólanefndar.

Frestað þar til síðar á fundinum.

Fjárhagsáætlun.

Formaður dreifði gögnum og gerði grein fyrir tillögum stjórnar um fjárhagsáætlun fyrir 1988. Gert er ráð fyrir að heildarniðurstöðutalan fyrir 1988 verði 31.985.000.00. Það er nokkuð meiri hækkun en þau 12% sem mælt er til að höfð verði til viðmiðunar frá yfirstandandi ári. Umfram hækkun stafar fyrst og fremst af auknum rekstrarkostnaði vegna viðbyggingar. Skólanefnd áskilur sér rétt til að óska eftir aukafjárveitingum ef 12% viðmiðunarstuðull reynist of lágur.

3. Nemendafjöldi.

Skólameistari gerði grein fyrir nemendafjölda skólans, að gefnu tilefni. Í dagskóla eru 580 nemendur, þar með taldir flugliðar. Í öldungadeild eru 170 nemendur, í meistaranámi eru 11 nemendur og í námsflokkum 140. Alls eru þetta um 900 nemendur.

4. Söfnun.

Skólameistari óskað eftir að þessum lið verði frestað til næsta fundar og var það samþykkt.

5. Námsbrautir.

Skólameistari gerir grein fyrir nýjum námsbrautum sem í boði verða við skólann á næstu önn. Innritun lýkur 10. desember eins og auglýst hefur verið í dagblöðunum. Rétt þykir að vekja sérstaka athygli á endurbótum á húsnæði málmiðna- og vélstjórnarbrauta. Skólameistari ræddi seinagang ráðuneytis við afgreiðslu á beiðni skólans um fiskeldisbraut. Skólanefnd samþykkir að senda bréf til ráðuneytis og ítreka beiðni um fiskiskeldisbraut. Þessi bréfi verði síðan fylgt eftir með viðtölum við ráðherra.

6. Eldvarnir.

Aðstoðarskólameistari gerir grein fyrir undirbúningsvinnu vegna eldvarnakerfis í skólanum. Beðið er eftir tilboðum í verkið, frestur til að skila rennur út 1. desember. Fram kom að 25% afsláttur fengist á braunatryggingaiðgjaldi ef skólinn tengist beint við slökkvistöð. Það gerir um 50.000 kr. á ári.

7. Brautskráning.

Skólameistari skýrði frá því að síðasti kennsludagur haustannar verði n.k. föstudag. Brautskráning verður laugar-daginn 19. desember kl. 14.00 í Ytri-Njarðvíkurkirkju. Skólanefndarmenn eru hvattir til að mæta.

2. Stefna skólanefndar.


Formaður reifaði opinbera stefnu skólanefndar (sbr. fundargerð 120. fundar). Málið var rætt vítt og breitt og ákveðið að taka það upp aftur síðar.

8. Önnur mál.

a) Wickman-vélin sem skólanum barst að gjöf s.l. haust verður tilbúin til notkunar innan tíðar. Skólanefndarmenn eru hvattir til að vera viðstaddir athöfn þegar vélin verður formlega tekin í notkun. Eins og áður hefur komið fram verður gefendum boðið suður í tilefni athafnarinnar. Einnig var samþykkt að bjóða bæjar- og sveitarstjórum að vera viðstaddir.

b) Á næsta fundi skólanefndar verður myndataka og skal þess getið í fundarboði.

Fleira ekki gert. Formaður þakkað mönnum góða fundarsetu og sleit fundi um kl. 19.00.


Guðmundur Björnsson
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari